



Erindi á vísindadegi á Keldum um sýklalyfjaónæmar bakteríur í dýrum á Íslandi:

Margvíslegar leiðir inn í landið fyrir ónæmar bakteríur

– Ein mesta heilbrigðisógn heimsins

Vísindadagur var haldinn síðastliðinn föstudag á bókasafni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum, í tilefni af 70 ára afmæli hennar á þessu ári. Meðal áhugaverðra erinda sem þar voru flutt var erindi Þórunnar Rafnar Þorsteinsdóttur um sýklalyfjaónæmi í dýrum, en þar kom fram að það væri ein stærsta ógn við lýðheilsu í heiminum í dag.

Þórunn starfar sem verkefnastjóri í sýklalyfjanæmi við sýkla- og bólufræðingarnámsgráun Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum. Bláamaður spurði Þórunni um nokkur atriði efnis erindisins. Hún segir að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO), Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið hafi hvatt aðildarþjóðir sínar til að efla rannsóknir sem nýta mætti til að stemma stígu við þessari ógn. Aukið ónæmi baktería fyrir sýklalyfjum valdi vandamálum við meðferð sýkinga og hafi þar af leiðandi slæmar afleiðingar fyrir heilsu manna og dýra – og valdi auknum kostnaði við heilbrigðisþjónustu.

Leiðir opnast fyrir sýklalyfjaónæmar bakteríur

Að sögn Þórunnar hefur sýklalyfjanotkun bæði í mönnum og dýrum áhrif á uppkomu og dreifingu ónæmra bakteríustofna. Sýklalyfjaónæmar bakteríur og ónæmisgen geti svo borist milli manna og dýra, með beinni snertingu, í gegnum umhverfið og í gegnum matvæli. Með auknum



Bókasafnssalurinn á Keldum var þétt setinn á föstudaginn. Myndir / smh

ferðalögum og viðskiptum með matvæli og dýraafurðir heimshorna á milli opnast einnig leiðir fyrir sýklalyfjaónæmar bakteríur til að dreifa sér. „Það er mikill munur milli landa hvað varðar sýklalyfjanæmi baktería í dýrum og mönnum. Almennt er algengi sýklalyfjaónæmra baktería í dýrum meira eftir því sem sunnar dregur í Evrópu. Algengi sýklalyfjaónæmra baktería er líka meira í mörgum Asíulöndum, svo sem á Indlandi og í Kína. Almennt er það þannig að eftir því sem dýraeldi er stærra í sniðum – og verksmiðjubúskapur algengari – þar er meiri sýklalyfjanotkun. Staðan á Íslandi er um margt áþekkt því sem við sjáum hjá hinum Norðurlandabjórðunum.

Ferðamenn, matvæli og aðrar dýraafurðir geta borið með sér sýklalyfjaónæmar bakteríur hingað til lands og geta þá komið frá löndum þar sem algengi sýklalyfjaónæmis er meira en hér á landi. Munum þó að Íslendingar eru líka ferðamenn og ferðast vítt og breitt um heiminn og geta þá borið ónæmar bakteríur með sér heim. Aukinn ferðamannastraumur, aukin ferðalög Íslendinga og aukinn innflutningur eykur þá líkur á að ónæmar bakteríur berist hingað,“ segir Þórunn.

Ónæmar bakteríur í alifuglum, svínunum og nautgripum

„Hingað til höfum við leitað að



Þórunn Rafnar Þorsteinsdóttir flytur erindi sitt á vísindadeginum á Keldum.

ónæmum bakteríum í svínunum og alifuglum og kjötafurðum þeirra og svo í nautgripakjöti. Við höfum fundið ónæmar bakteríur í bæði dýrunum og kjötafurðum þeirra,“ segir Þórunn spurð um tilfelli ónæmra baktería á Íslandi. „Það hefur þó oftast verið lítið ónæmi, það eru ekki fjölonæmar bakteríur. Almennt er algengi sýklalyfjaónæmra baktería í dýrum á Íslandi lágt. Ekki er algilt að þó að ónæmar bakteríur finnist í dýrunum að þær berist í kjötafurðirnar. Og þó að þær finnist í kjötafurðunum þá er alls ekkert víst að þær berist í menn, enda ef kjötið er meðhöndlað og eldað með fullnægjandi hætti þá drepað bakteríur.“

Þórunn segir að víða hafi óvarlega verið farið með sýklalyfjanotkun í dýrum og mönnum og það skýri að vissu leyti hina erfiðu stöðu á heimsvísu. „Dýrum er víða gefin sýklalyf sem vaxtarhvetjandi þáttur, þá eru lyfin gefin heilli heilbrigðri hjörð í lágum skömmtum, en lágur styrkur sýklalyfs er líklegri til að upp komi ónæmar bakteríur.

Tíðni stökkbreytinga og tíðni flutnings á erfðaefti (t.d. plasmíðum) eykst. Þessi notkun, sem vaxtarhvetjandi þáttur, er ekki lengur leyfð í Evrópu og hefur aldrei verið leyfð á Íslandi.

Í sumum löndum eru sýklalyf fyrir fólk ekki lyfseðilsskyld – og jafnvel þó þau séu lyfseðilsskyld þá er eftirlit með þeim ekki gott og hægt að kaupa þau beint yfir búðarborðið. Það er líka hægt að kaupa sýklalyf á netinu.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) hefur skilgreint sýklalyfjaónæmi sem eina af mestu heilbrigðisógnum heimsins. Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (European Centre for Disease Prevention and Control) áætlað að í Evrópu einni komi upp um það bil 400 þúsund sýkingar á ári hverju af völdum ónæmra sýkla sem leiða til um 25 þúsund dauðsfalla.“

Er um áratugum eftir á með eftirlitið en á réttu leið

„Við erum áratugum á eftir öðrum Norðurlandabjórðunum í eftirliti með sýklalyfjaónæmum bakteríum í dýrum. Varðandi fyrirkomulag eftirlits er unnið eftir ákvörðun ESB númer 652/2013. Matvælastofnun (MAST) hefur farið eftir þessari ákvörðun að fullu síðan 2017 en að hluta til var byrjað á því árið 2014. Í gegnum vef MAST má finna eftirlitsskýrslur um niðurstöður skimana á sýklalyfjaónæmum bakteríum.

Við erum því á réttu leið núna. Fram til 2014 var þetta mjög lítið rannsakad, ég gerði doktorsverkefni á þessu sviði á árunum 2005–2008 og eru það eiginlega einu gögnin sem við höfum um sýklalyfjaónæmar bakteríur í dýrum fyrir 2014.

Einnig eru í gangi núna undirbúningsverkefni í samstarfi við Karl G. Kristinsson á Landspítalanum, MAST, Matis og erlendrar aðila sem munu auka á þekkingu okkar á stöðunni á sýklalyfjaónæmum bakteríum í dýrum á Íslandi á næstu árum,“ segir Þórunn að lokum. /smh

Verkfærasalan
hefur opnað á
Akureyri

VERKFÆRA
SALAN

Dalsbraut 1
600 Akureyri
460-1715



TOPPLYKLASETT

1/2"+1/4" 94stk USG
USG USGB5094M
Toppolyklasett með skröllum, toppum og framlengingum.

9.900 kr.



LOFTPRESSA

416 L/min - 100 L kútur
TJ TRAE100VFL
8 bara loftpressa
1 fasa - 2,2 kw mótör

59.900 kr.



VERKFÆRASKÁPUR

188 verkfæri USG
USG FIRP7B
Verkfæraskápur á hjólum með 188 verkfærum

75.900 kr.



HJÓLATJAKKUR

3ja tonna
TJ T83001
Lyftir upp í 52 cm hæð
Lágmarkshæð 14,5 cm

18.790 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og áskilinn er réttur til breytinga. Tilboð gildir 12.apríl - 30.apríl 2018.

Verkfærasalan • 560-8888 • www.vfs.is
Síðumúli 11 - 108 Reykjavík | Dalshraun 13 - 220 Hafnarfjörður